

## **Athugasemd v/77.máls nefndarsviðs Alþingis**

**Berist til: [nefnasvid@althingi.is](mailto:nefnasvid@althingi.is)**

**Frá: Stjórnarskrárfélaginu**

**Dags.: 17. desember 2014**

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um laun forseta Íslands, nr. 10/1990 (laun handhafa).

Flm.: Brynhildur Pétursdóttir, Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, Svandís Svavarsdóttir.

Stjórnarskrárfélaginu líst vel á tillögur flutningsmanna, hér að ofan, um að lækka laun handhafa forsetavalds. Stjórnarskrárfélagið vill þó benda á aðra mögulega lausn til að draga úr útgjöldum v/ handhafa forsetavalds. Í tillögum Stjórnlagaráðs er breytt ákvæði núgildandi 8. gr. stjórnarskrárinnar.

Í 82. gr. Tillagna Stjórnlagaráðs má finna eftirfarandi grein:

### ***Staðgengill.***

***Geti forseti Íslands ekki gegnt störfum um sinn vegna heilsufars eða af öðrum ástæðum fer forseti Alþingis með forsetavald á meðan***

Felld er út heimild til að greiða staðgenglum forseta laun enda skal það vera hluti af embættis skyldum forseta Alþingis án þess að sérstök laun komi fyrir.

Ákvæðið fjallar um handhöfn forsetavalds. Því er breytt á þá leið að staðgengill forseta er nú aðeins einn í stað þriggja. Ekki er gert ráð fyrir að staðgengil þurfi í tímabundnum heimsóknnum forseta á erlendri grundu í ljósi þess hversu mjög samgöngur og tækni hafa þróast. Staðgengill tekur því aðeins við ef forseti veikist eða forfallast af öðrum orsökum til lengri tíma.

Stjórnlaganefnd lagði ekki fram tillögur að breytingum á þessu fyrirkomulagi en í frumvarpi Stjórnlagaráðs er hins vegar gert ráð fyrir því að forseti Alþingis fari einn með forsetavald í forföllum forseta Íslands. Þessa breytingu skal skoða í ljósi þess að fyrirkomulag um að kalla saman þrjá mismunandi aðila úr stjórnkerfinu til að gegna starfi forseta er óþjált og þekkist ekki í öðrum löndum.

Er breytingin bæði til hagræðis í stjórnskipun og til sparnaðar þar sem ekki er ætlast til að forseti Alþingis fái laun fyrir störf sín sem staðgengill, heldur sé það hluti af launakjörum hans. Sé handhafi forsetavalds forfallaður eða fjarstaddur utan lands ganga varamenn hans í hans stað, þ.e. varaforsetar Alþingis í rétttri töluröð.

Andist forseti í embætti skal ákvæði þetta gilda og forseti Alþingis taka við sem forseti Íslands þar til nýr hefur verið kjörinn.